

Nr. 10
9. ágúst

Opið brjef,

er stefnir saman Alþingi til aukafundar 2. september 1918.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vjer höfum allramildilegast ákveðið að Alþingi skuli koma saman til aukafundar mánudaginn 2. september þ. á.

Um leið og Vjer birtum þetta Vorum kæru og trúu þegnum á Íslandi, skipum Vjer öllum þeim, sem setu eiga að hafa á tjeðu Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkurkaupstaðar, og verður þar þá sett Alþingi eftir að guðsþjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalfuborg, 9. ágúst 1918.

Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.